

## 6. fundur stjórnar AP, starfsárið 2010-2011

haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn 19. maí 2011 kl.11:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Guðmundur Guðmundsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri félagsins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Aðalfundur 2011

- a) Starfsmenn fundarins verða Gunnólfur Lárusson fundarstjóri og Ari Páll Pálsson fundarritari.
- b) Stjórn samþykkir að leggja til við aðalfund að þóknun fyrir stjórnarsetu verði óbreytt frá fyrra ári, kr. 9.677,- fyrir fund og að formaður fái 50% álag. Miðast við þóknun þessi við greiðslur fyrir nefndarstörf hjá Norðurþingi fyrir setu í „öðrum nefndum“.
- c) Fyrir liggur tillaga frá fulltrúum hluthafa að stjórn félagsins:

Aðalmenn: Aðalsteinn Á Baldursson  
Björn Víkingur Björnsson  
Margrét Bjarnadóttir  
Pétur Snæbjörnsson  
Sigurgeir Höskuldsson

Varamenn: Gunnólfur Lárusson  
Áki Hauksson

Þá hefur fulltrúi Bygðastofnunar seturétt á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti.

- d) Samþykkt að leggja til við aðalfund að endurskoðandi félagsins verði kjörinn PricewaterhouseCoopers ehf. – Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi.
- e) Samþykkt að leggja svohljóðandi tillögu að hlutafjáraukningu fyrir aðalfund:  
*„Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 2.000.000,- með sölu á nýjum hlutum til nýrra og núverandi hluthafa á genginu 1. Jafnframt falla núverandi hluthafar frá forkaupsrétti sínum við hlutafjáraukningu þessa. Heimild þessir gildir til 30. apríl 2012 og fellur þá niður að því marki sem hún hefur þá ekki verið nýtt. Ákvæði samþykpta félagsins gilda að öðru leiti um meðferð þessara nýju hluta, þ.m.t. ákvæði um forkaupsrétt.“*

### 2. Hvatningarverðlaun AP

Veiting Hvatningarverðlauna AP til Ísfélags Vestmannaeyja hf. samþykkt og viðurkenningarskjal undirritað af formanni og framkvæmdastjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:50